

Ávarp formanns verkefnisstjórnar í íslensku
við útkomu *Alfræði íslenskrar tungu* í Þjóðmenningarhúsinu
á degi íslenskrar tungu 2001

Forsætisráðherra;
menntamálaráðherra;
stjórn Lýðveldissjóðs;
samstarfsfólk;
góðir gestir.

Á hátíðarfundi Alþingis sem haldinn var á Þingvöllum 17. júní 1994 í tilefni af 50 ára afmæli Lýðveldisins var samþykkt að stofna sérstakan sjóð sem nefndur var Lýðveldissjóður og skyldi starfa næstu fimm ár. Helmingi ráðstöfunarfjár sjóðsins átti að verja til vistfræðirannsókna á lífríki sjávar, en hinum helmingnum til eflingar íslenskrar tungu. Sjóðnum var sett stjórn sem í sátu Rannveig Rist, formaður; Jón G. Friðjónsson, prófessor; og Unnsteinn Stefánsson, prófessor. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórninni fyrir ánægjulegt samstarf og ekki síður ritara hennar, Helga Bernódussyni. Rannveig Rist getur því miður ekki verið hér í dag, en bað mig að skila kveðju til þessarar samkomu.

Sérstakri verkefnisstjórn var falið að ráðstafa um þriðjungi þess fjár sem varið var til eflingar íslenskrar tungu. Í þeirri verkefnisstjórn sátu auk mín þær Ásta Svavarsdóttir, fræðimaður á Orðabók Háskólans, og Þórunn Blöndal, lektor við Kennaraháskóla Íslands. Verkefnisstjórnin gerði þegar í upphafi ítarlegar áætlanir um þau verk sem hún taldi æskilegt að yrðu samin. Þær áætlanir hafa sumar hverjar gengið eftir, aðrar tekið verulegum breytingum og enn öðrum verið varpað fyrir róða eins og gengur.

Í upphaflegum tillögum verkefnisstjórnar var gert ráð fyrir að semja viðamikið yfirlitsrit um íslenskt mál ætlað fróðleiksfúsum almenningi. Fljótlega eftir að farið var að huga að þessu verki kom þó fram sú hugmynd að birta þetta efni á margmiðlunarformi. Hér er rétt að vekja athygli á að þessar hugmyndir eru sex ára gamlar. Það er langur tími í þróun tölvutækni og margmiðlunar, og þótt nú þyki sjálfsagt að nýta margmiðlunartækni í skólastarfi var það ekki algengt fyrir sex árum, enda velktumst við lengi í vafa um það hvort við værum að stíga rétt skref í þessu. En eftir mikla íhugun sannfærðumst við um að við yrðum að gera þessa tilraun. Á þessum tíma var margmiðlunarefni **um** ýmis erlend tungumál og á erlendum málum farið að flæða á markaðinn. Okkur fannst óviðunandi að ekkert sambærilegt íslenskt efni yrði fáanlegt, og sýndist að fátt gæti stuðlað betur að eflingu íslenskrar tungu en það að vandað fræðsluefni um hana yrði tiltækt á þessu nýja formi.

Á þessum tíma höfðu fáir reynslu af útgáfu margmiðlunarefnis, og því þótti verkefnisstjórn nauðsynlegt að fá samstarfsaðila við þetta verk. Eðlilegt var að leita til Námsgagnastofnunar, sem þá hafði nýlega gefið út *Íslandshandbókina* á geisladiski. Samningar um verkið milli verkefnisstjórnar og Námsgagnastofnunar voru gerðir vorið 1996. *Alfræði íslenskrar tungu* sem kemur út í dag er því samvinnuverkefni Lýðveldissjóðs og Námsgagnastofnunar, og við þökkum forstjóra og starfsfólki

Námsgagnastofnunar kærlega fyrir samstarfið. Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri Námsgagnastofnunar, mun hér á eftir gera grein fyrir aðild stofnunar sinnar að verkinu.

Í upphafi var ákveðið að ritstjórar verksins yrðu tveir, þau Þórunn Blöndal af hálfu verkefnisstjórnar og Heimir Pálsson af hálfu Námsgagnastofnunar. Þau hafa lagt gífurlega vinnu og metnað í verkið, og munu kynna það nánar hér á eftir. Fljótlega var margmiðlunarfyriertækið Gagarín ehf. fengið til að hanna útlit disksins og síðar til að sjá um forritunarvinnu. Við þökkum forráðamönnum og starfsmönnum Gagaríns fyrir þeirra stóra hlut að verkinu, einkum þeim Geir Borg framkvæmdastjóra, Jóni Óskari Hafsteinssyni teiknara, Hrönn Þormóðsdóttur verkefnisstjóra og Hauki Hreinssyni forritara.

Diskurinn lætur ef til vill lítið yfir sér, en hann leynir sannarlega á sér. Hér er um gífurlega umfangsmikið verk að ræða, og má nefna að textinn á diskinum samsvarar u.þ.b. 1000 bókar síðum; myndir, hljóðskrár og myndbandsbrot skipta hundruðum og svo mætti áfram telja. Reynt er að fjalla um viðfangsefnin á aðgengilegan og alþýðlegan hátt og hafa höfundar lagt sig fram um að ná því markmiði og að nýta möguleika margmiðlunartækninnar eftir því sem kostur er. Margar greinanna eru tvímælalaust besta yfirlit sem til er á íslensku um viðkomandi svið málsins, og í sumum tilvikum það eina sem skrifað hefur verið um það á íslensku. Við þökkum höfundunum öllum fyrir þeirra hlut svo og aðstoðarmönnum við ritstjórn og yfirlesurum sem lögðu sitt af mörkum til að búa efnið til útgáfu.

Það var frá upphafi ætlun okkar aðstandendanna að gera þennan disk þannig úr garði að hann gæti orðið raunveruleg almenningsseign, svo að allir Íslendingar og áhugamenn um íslenskt mál gætu nýtt sér hann. Við trúum því að þetta hafi tekist. Það þýðir vitanlega ekki að allt efnið á diskinum eigi jafn greiða leið til allra aldurshópa. Búast má við því að sumar greinarnar í alfræðihlutanum eigi mest erindi við nemendur í framhaldsskólum eða byrjendur í háskólanámi. Til að koma til móts við grunnskólanemendur og aðra sem kann að þykja alfræðigreinar fullstrembnar eru á diskinum svokallaðar troðnar slóðir, þar sem efni sumra alfræðigreina er endursagt; áhersla er þar lögð á myndræna framsetningu og textinn allur lesinn upp.

Því er ekki að neita að ýmsir erfiðleikar hafa komið upp við gerð disksins, en það er ekki ástæða til að fara út í þá sálma hér – diskurinn er kominn út og það er fyrir öllu. Þetta verk hefur orðið mun umfangsmeira og dýrara en gert var ráð fyrir í upphafi, en að sama skapi áhugaverðara og notadrygra að því er við teljum. Ég vil að lokum óska okkur öllum til hamingju með að hafa eignast þennan disk, og vona að sem flestir eigi eftir að hafa bæði gagn og gaman af honum.

Þakka ykkur fyrir.